

Reykjavík, 8. nóvember 2021

EFNI: Málsmeðferð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa

Bréf þetta er ritað fyrir hönd umbjóðenda minna, Guðmundar Gunnarssonar, Hólmsfríðar Árnadóttur og Rósu Bjarkar Brynjólfadóttur (hér eftir „kærendur“ eða „umbjóðendur mínir“), en þau telja nauðsynlegt að koma á framfæri athugasemdum við málsmeðferð nefndarinnar. Annars vegar vegna þeirrar ákvörðunar nefndarinnar eða eftir atvikum skrifstofu Alþingis um að synja kærendum um aðgang að gögnum málsins og hins vegar að hafa ekki sent lögmanni þeirra drög að málsatvikalýsingu nefndarinnar.

Aðgangur að gögnum málsins

1. Umbjóðendur mínir komu fyrir undirbúningsnefndina 22. október 2021 og gerðu grein fyrir kærum sínum og athugasemdum varðandi þau gögn sem voru aðgengileg á heimasíðu Alþingis. Mánudaginn 25. október 2021 sendu þau jafnframt skriflegar athugasemdir með tölvupósti þar sem sjónarmið þeirra á fundi með nefndinni voru ítrekuð en jafnframt óskað eftir öllum gögnum undirbúningsnefndar er tengjast málinu, þ.m.t. aðgangi að upptökum af fundum nefndarinnar með öllum gestum hennar. Því til stuðnings var vísað til þess sem fram hefur komið hjá nefndinni að fundirnir væru teknir upp í þeim tilgangi að unnt sé að endurrita þá og þar með gera þingmönnum mögulegt að kynna sér efni þeirra. Hafa umbjóðendur mínir því ástæðu til að ætla að upplýsingar sem hafi komið fram á fundum nefndarinnar séu mikilvægar fyrir úrlausn málsins og að þingmenn munu byggja á þeim þegar ákvörðun verður tekin um lögmati alþingiskosninganna í Norðvesturkjördæmi 25. september sl.
2. Af fundargerð undirbúningsnefndarinnar þriðjudaginn 2. nóvember 2021 má sjá að beiðnir umbjóðenda minna hafi verið ræddar og að nefndin hafi falið skrifstofu Alþingis að svara þeim.
3. Svar skrifstofu Alþingis barst undirrituðum 4. nóvember sl., en þar greinir að undirbúningsnefndin afli þeirra gagna og upplýsinga sem nauðsynleg eru fyrir verkefni hennar, og að af verklagsreglum nefndarinnar leiði að málsmeðferð kosningakæra skuli hagað í „samræmi við meginreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, og almennar meginreglur stjórnarsýsluréttar, eftir því sem við á. Af 4. mgr. 3. gr. verklagsreglnanna leiðir jafnframt að kæranda er gefinn kostur á að gera athugasemdir við gögn sem undirbúningsnefndin aflar á grundvelli 2. gr. sem áhrif geta haft á meðferð kærunnar. Í 2. mgr. 5. gr. kemur svo fram að gögn undirbúningsnefndar séu að jafnaði birt opinberlega standi lög eða sérstök þagnarskylda því ekki í vegi.“
4. Þrátt fyrir ofangreint er niðurstaða skrifstofu Alþingis sú að umbjóðendum mínum er synjað um afhendingu „skýrslu um skoðun myndefnis úr eftirlitsmyndavélum og um ljósmyndir

teknar af starfsfólki Hótelis Borgarness [af talningarstað]“ þar sem þessi gögn hafi verið „merkt sem trúnaðarmál“ af hálfu lögreglu. Hvað þetta varðar skal þess getið að það er ekki lögreglustjórans að ákveða hvaða gögn málsins verði farið með sem trúnaðarmál né að áskilja sér slíkan trúnað, heldur er það Alþingis að framkvæma sérstakt mat á því hvort tilteknar upplýsingar verði heimfærðar undir 15. gr., 16. eða 17. gr. stjórnslulaga. Í bréfinu greinir enn fremur að undirbúningsnefndin hafi ekki fengið afrit skýrslna lögreglustjórans á Vesturlandi af kjörstjórnarfólki í yfirkjörstjórn eða vitnum, en óljóst er hvort undirbúningsnefndin hafi óskað eftir þessum gögnum.

5. Næst er fjallað um beiðni kæranda um aðgang að uppritunum frá fundum nefndarinnar með yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis og aðgangs að upptökum af fundum nefndarinnar með öllum gestum hennar.

6. Í bréfi skrifstofu Alþingis segir:

„Umræddir fundir með gestum voru lokaðir og uppritun þeirra gerð í þeim tilgangi að þingmenn geti kynnt sér gögn málsins og tekið ákvörðun þegar Alþingi fjallar um gildi kosninganna, sbr. 5. gr. verklagsreglnanna“.

7. Í bréfi skrifstofu Alþingis segir hins vegar að nefndin hyggist ekki veita aðgang að uppritunum eða upptökum frá fundum með gestum, og virðist sem ástæða þess sé sú (a) að „þetta verklag“ hafi verið kynnt gestum fyrir fram og (b) að efni upptakanna geti skipt máli fyrir sakamál er varðar meint brot yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis gegn lögum um kosningar til Alþingis, sbr. 17. gr. stjórnslulaga.

8. Hvað fyrra atriðið varðar skal þess getið að þegar umbjóðendur mínir komu fyrir nefndina höfðu þau enga ástæðu til að ætla að umræður fundarins væru nokkurs konar trúnaðarmál og komu því á framfæri við nefndina að þau gerðu engar athugasemdir við að upptaka fundar þeirra með nefndinni 22. október 2021 yrði birt á vefsvæði Alþingis, eins og nefndin hefur gert í sumum tilfellum. Þá fæst ekki séð hvers vegna gestir nefndarinnar hafi mátt ætla að einhver sérstakur ólögákveðinn trúnaður myndi gilda um umræður á fundunum með þeim afleiðingum að alþingismennirnir muni úrskurða um kærur vegna alþingiskosninganna á grundvelli gagna sem kærendurnir sjálfir meggi ekki sjá.

9. Í því sambandi skal þess getið að stjórnslulögin og meginreglur þeirra veita enga heimild til að heita þeim trúnaði sem gefur upplýsingar og takmarka með því aðgang aðila máls að gögnum í viðtækari mæli en leiðir af 6. mgr. 15., 16. og 17. gr. stjórnslulaga. Í því sambandi er vísað til rits Páls Hreinssonar, *Stjórnsluréttur – Málsmeðferð*, bls. 640 en þar segir:

„Slíkur trúnaður verður aðeins veittur *eftir* að upplýsingar hafa verið gefnar og fram hefur farið sérstakt mat á því hvort þær verði heimfærðar undir 16. og 17. gr. stjórnslulaga.“

10. Varðandi síðara atriðið um þýðingu gagna vegna sakamálsins skal þess getið vegna tilvísunar Alþingis til 17. gr. stjórnslulaga að greinin heimilar stjórnvöldum eingöngu „þegar sérstaklega stendur á að takmarka aðgang aðila máls að gögnum ef hagsmunir hans af því að notfæra sér vitneskju úr þeim þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum“. Í bréfi skrifstofustjórans er þetta atriði ekki rökstutt með nokkrum hætti, þ.e. hvaða hagsmuni ótilgreindir aðilar hafa af því að umbjóðendur mínir fái ekki umbeðin gögn eða hvers vegna þessir hagsmunir teljist „mun ríkari“ en upplýsingaréttur

og andmælaréttur umbjóðenda minna vegna kæru þeirra um framkvæmd og lögmæti alþingiskosninganna í Norðvesturkjördæmi.

11. Þá fæst ekki séð af bréfi skrifstofu Alþingis að til skoðunar hafi komið meginregla stjórnýsluréttar um skyldu til að veita aðila í það minnsta aðgang að öðru efni skjals en því sem bundið er sérstakri takmörkun, sbr. 2. mgr. 16. gr. stjórnýslulaga. Hefur verið talið að þetta eigi „ekki síst við ef skjalið hefur að geyma upplýsingar sem til greina kemur að byggt verði á“ (Páll Hreinsson, *Stjórnýsluréttur – Málsmeðferð*, bls. 660).
12. Vísa kærendur sérstaklega til 4. mgr. 3. gr. verklagsreglna undirbúningsnefndar, þar sem segir

„Kærendum er gefinn kostur á að andmæla þeim gögnum sem undirbúningsnefndin aflar á grundvelli 2. gr. sem áhrif geta haft á meðferð kærunnar.“

13. Samantekið byggja umbjóðendur mínir á því með því að synja þeim um umbeðin gögn, sem nefndin hefur sjálf sagt að verði svo metin af alþingismönnum þegar úrskurðað verður um kærur þeirra, sé brotið gegn upplýsinga- og andmælarétti þeirra. Kærendum er þannig gert ókleift að koma að sjónarmiðum sínum með raunhæfum hætti eða að öðlast nokkurs konar vissu fyrir því að Alþingi hafi gætt hlutlægni við meðferð þess valds sem því hefur verið veitt samkvæmt 46. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og fyrir því að afgreiðsla þess hafi byggt á réttmætum og lögmætum sjónarmiðum.
14. Í kærum umbjóðenda minna er rakið að sú tilhögun að löggjafarþing úrskurði sjálf um lögmæti kosningar sinnar hafi verið talin andstæð skuldbindingum samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu og því sé mikilvægt að Alþingi vandi sérstaklega alla málsmeðferð. Í því sambandi vísuðu umbjóðendur mínir sérstaklega til umfjöllunar í máli Mugemangango gegn Belgíu nr. 310/15 um hlutlægnisskyldu úrskurðaraðila, að komið sé í veg fyrir hvers kyns geðþóttaákvæðanir og að Mannréttindadómstóllinn líti til þess hvort að málsmeðferðin hafi verið þannig að hún tryggi sanngjarna, málefnalega og nægilega rökstudda ákvörðun.
15. Í þessum sambandi vísa umbjóðendur mínir sérstaklega til 115-121. mgr. í máli Mugemangango, en þar segir m.a.:

„115. The Court has also held that the procedure in the area of electoral disputes must guarantee a fair, objective and sufficiently reasoned decision (see Podkolzina, § 35, and Davydov and Others, § 275, both cited above).

116. In particular, complainants must have the opportunity to state their views and to put forward any arguments they consider relevant to the defence of their interests by means of a written procedure or, where appropriate, at a public hearing. In this way, their right to an adversarial procedure is safeguarded. In addition, it must be clear from the public statement of reasons by the relevant decision-making body that the complainants' arguments have been given a proper assessment and an appropriate response (see, to similar effect, Babenko; Davydov and Others, §§ 333-34; and G.K. v. Belgium, §§ 60-61, all cited above).“

16. Gera verður strangar kröfur til gagnsæis við þessar aðstæður svo ásýnd málsmeðferðarinnar, traust umbjóðenda minna á henni sem og tiltrú kjósenda á hinu lýðræðislega ferli, beri ekki skaða af. Hætt er við því að allt þetta fari forgörðum ef Alþingi úrskurðar um lögmæti eigin kosningar á grundvelli gagna sem enginn nema það sjálf fær

séð. Vandséð er hvernig slík málsmeðferð og eftirfarandi úrskurður Alþingis geti samræmst þeim skilyrðum sem leiða af lögum, stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

17. Umbjóðendur mínir krefjast þess að synjun um afhendingu umbeðinna gagna verði endurskoðuð en áskilja sér að öðru leyti allan rétt vegna þessa.

Málsatvikalýsing undirbúningsnefndar

18. Til viðbótar við framangreint virðist sem að skrifstofa Alþingis hafi sent bréf þann 4. nóvember 2021 sem var að sögn sent til þeirra sem komið hafa á fund undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Með bréfinu fylgdu drög að málsatvikalýsingu og þess óskað að skriflegar athugasemdir eða ábendingar bærust eigi síðar en kl. 16 laugardaginn 6. nóvember sl.
19. Undirrituðum er ekki kunnugt um hverjir fengu afrit af bréfi þessu, en af einhverjum sökum barst það ekki undirrituðum sem bæði sótti fund undirbúningsnefndarinnar 22. október sl., ritaði kærur umbjóðenda minna til Alþingis og hefur að öðru leyti komið fram fyrir þeirra hönd í öllum samskiptum við Alþingi vegna máls þessa. Undirritaður fékk fyrst vitneskju um bréf þetta rétt fyrir hádegi í dag, þ.e. eftir að frestur til athugasemda var liðinn.
20. Þess er óskað að þetta bréf ásamt fylgiskjali verði sent undirrituðum tafarlaust sem og að veittar verði skýringar á ofangreindu. Þá er óskað eftir viðbótarfresti til að kynna sér málsatvikalýsinguna og koma á framfæri athugasemdum ef einhverjar eru.

Að gefnu tilefni skal þess getið að ekkert í bréfi þessu krefst nokkurs trúnaðar og er þess óskað að bréfið verði birt á vefsvæði undirbúningsnefndarinnar á heimasíðu Alþingis.

Virðingarfyllst,



Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður